

7. ágúst 2019



Kröfur móta 2019-2020

Hópfimleikar

Keppnisfyrirkomulag

Breytingar hafa verið gerðar á reglum og undanþágum. Þjálfarar og félag eru því beðin um að kynna sér móta- og keppnisfyrirkomulagið vel, auk keppnisreglna í hópfimleikum.

Keptt verður eftir Code of Points, útgáfu 2017, revision may 2018, með íslenskum undanþágum.

Mótayfyrirkomulag

Mót	Mfl.	1.fl.	2.fl.	3.fl.	4.fl.	5. fl.	KKe	Kky
Haustmót	Mfl. B	1.fl B	x	x	x		x	x
GK mót	A	A						
Bikarmót 1	x	x	x				x	x
Bikarmót 2				x	x	x		
Vormót	B	B	B+C	B+C	B+C	B+C	B+C	B+C
Íslandsmót	A	A	A	A	A	A	A	A

Aldursflokkar

Eftirfarandi aldersflokkar gilda fyrir keppnistímabilið 2019-2020.

Meistaraflokkur	2002 og eldri
1.flokkur	2003 - 2007
2.flokkur	2005 – 2006
3.flokkur	2007 – 2008
4.flokkur	2009 – 2010
5.flokkur	2011*
KK yngri	2008 - 2011*
KK eldri	2005 – 2008

***2011 mega ekki keppa fyrr en eftir áramót, skv reglum Ísí**



Verðlaun

- Veittar er medalíur fyrir samanlögð stig á öllum mótum.
- Verðlaun eru veitt skv þessu fyrirkomulagi:
 - 1 – 4 lið skráð – Verðlaun veitt fyrir 1. sæti
 - 5 – 9 lið skráð – Verðlaun veitt fyrir 1. – 3. sæti
 - 10 lið + skráð – Verðlaun veitt fyrir 1. – 5. sæti
- Á Haustmóti eru veitt verðlaun fyrir 1. – 5. sæti í hverjum flokki, séu lið fleiri en 10, eftir að úrslit eru ljós er raðað í deildir fyrir næsta mót.
- Á Íslands - og Bikarmóti eru veittir bikarar fyrir samanlagðan árangur í öllum kynjaflokkum.
- Í meistaraflokki eru krýndir íslandsmeistarar á einstökum áhöldum.
- Einungis lið sem keppa á öllum áhöldum geta unnið til verðlauna í samanlögðum stigum.

NM juniora

- GK mót og Bikarmót verða úrtökumót fyrir NM juniora.
- Liðin þurfa að vera lögleg lið skipuð keppendum unglunga á úrtökumótunum til að eiga möguleika á að vinna sér þátttökurétt.
- Liðin fá 7 stig fyrir sigur, 5 stig fyrir annað sæti og 4 stig fyrir þriðja sæti. Ef lið eru jöfn að stigum eftir mótin telja fleiri sigrar á áhöldum á milli liðanna og því næst samanlögð stig allra móta.

Hámarksfjöldi þjálfara á mótum

Í samræmi við reglur UEG, verða hámark 3 þjálfarar sem mega fylgja hverju liði í meistaraflokki, 1. flokki og 2. flokki til keppni á FSÍ mótum. Í 3. – 5. flokki, kky og kke, er heimilt að hafa 4 þjálfara með hverju liði. Þeir þjálfarar verða skráðir á mótið líkt og keppendur í gegnum leyfiskerfið.

Meistaraflokkur	3
1. flokkur	3
2. flokkur	3
3. flokkur	4



4. flokkur	4
5. flokkur	4
KK yngri	4
KK eldri	4

Leyfi fyrir þreföldum heljarstökkum

Skv. Reglum UEG eru þreföld heljarstökk ekki leyfileg án skriflegs leyfis frá fimleikasambandi hvers lands. Á mótum vetrarins verða gerðar kröfur um skrifleg leyfi frá FSÍ fyrir þreföldum heljarstökkum, hvort sem er á dýnu, trampólíni eða hesti. Skylda er að sækja um þetta leyfi með sérstöku leyfisbréfi frá FSÍ, en reglur um leyfið má finna á heimasíðu fimleikasambandsins.

Kröfur um keppnisnúmer

Ef keppendur í meistaraflokki og 1. flokki er ekki með keppnisnúmer á keppnisbúningum sínum í keppni, kemur til yfirdómarafrádráttar fyrir að vera ekki í fatnaði samkvæmt reglum. Reglur um keppnisnúmer á Íslandi má finna á heimasíðu fimleikasambandsins. Aðrir flokkar þurfa ekki að hafa keppnisnúmer og fá undanþágu frá CoP. Þó er ekki veittur frádráttur fyrir yngri flokka sem hafa númerin, hvort sem það er hluti af liðinu eða allt liðið.

